

Sp. 161. Tillaga til þingsályktunar [156. mál]

um yfirtöku ríkissjóðs á Seðlabankabyggingu undir Stjórnarráð Íslands.

Flm.: Jón Baldvin Hannibalsson, Jóhanna Sigurðardóttir.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta ljúka nýbyggingu Seðlabanka Íslands við Ingólfsstræti eins fljótt og auðið er. Jafnframt skorar Alþingi á ríkisstjórn að yfirtaka bygginguna undir Stjórnarráð Íslands.

Þá skorar Alþingi á ríkisstjórnina að láta Seðlabankanum í té í makaskiptum byggingu Framkvæmdastofnunar ríkisins við Rauðarárstíg, með vísan til ákvæðis 6.2 í „samkomulagi stjórnarflokkanna“ frá því í sept. s. l. þess efnis að gerðar verði tillögur „um breytingar á lögum og verkefnum Framkvæmdastofnunar ríkisins“.

Greinargerð.

Seðlabankinn er ríkiseign undir þingkjörinni stjórn. Seðlabankabyggingin telst því kostuð af almannafé.

Af umræðum á Alþingi, í fjölmiðlum og á mannamótum má ráða að sú framtakssemi bankastjórnar Seðlabanka Íslands að verja verulegum fjármunum „af eigin fé bankans“, eins og það er orðað, til þess að byggja höll yfir starfsemi Seðlabankans, á sama tíma og stjórnvöld og atvinnurekendur telja sig ekki hafa efni á að greiða starfsfólki sínu mannsæmandi laun, njóti takmarkaðra vinsælda meðal skattgreiðenda. Margir hafa á orði að ótímabært sé að reisa sérstakt minnimerki yfir peningastjórn landsmanna á „áratug hinna glötuðu tækifæra“.

Á 106. löggjafarþingi létu tveir alþingismenn þetta mál til sín taka. Guðrún Helgadóttir alþm. flutti tillögu til þingsályktunar „um stöðvun framkvæmda við byggingu Seðlabanka Íslands“. Karvel Pálmason alþm. flutti frumvarp til laga „um frestun byggingarframkvæmda Seðlabanka Íslands og bann við fjölgun útbúa ríkisbankanna“. Hvorugt málið náði fram að ganga. Nýlega flutti Eiður Guðnason alþm. fyrirspurnir í sex liðum til viðskiptaráðherra (90. mál Sp.), m. a. um kostnað við nýbyggingu Seðlabankans, starfsmannafjölda, bifreiðaeign, risnukostnað svo og hvaða ráðstafanir Seðlabankinn hafi gert til aðhalds og sparnaðar í rekstri svo sem öðrum ríkisstofnunum hefur verið gert að gera.

Með þessari till. til þál. er tekinn annar póll í hæðina. Úr því sem komið er þykir ekki raunsætt að stöðva byggingarframkvæmdir við Seðlabankahöll, enda ekki pólitískur vilji fyrir stöðvun framkvæmda. Þvert á móti gildir hér það sjónarmið að hagkvæmast sé að koma byggingunni sem fyrst í gagnið. Hins vegar gera flutningsmenn tillögu um að húsið verði nýtt með öðrum hætti en bankastjórn Seðlabankans mun upphaflega hafa ráðgert.

Alkunna er að Stjórnarráð Íslands býr við þröngan húsakost. Uppi hafa verið ráðagerðir um að ríkið keypti skrifstofubyggingu Sambands ísl. samvinnufélaga við Sölvhólgötu undir Stjórnarráðið. Nálægð Sambandshússins við Arnarhvol hefur þótt mæla með þeirri ráðstöfun. Af samningum mun ekki hafa orðið. Hin nýja höll Seðlabanka Íslands við Arnarhól liggur mjög vel við sem frambúðaraðsetur Stjórnarráðs Íslands, m. a. vegna nálægðar við Arnarhvol. Yfirtaka ríkissjóðs á byggingu Seðlabankans sýnist því vera skynsamleg og hagkvæm ráðstöfun.

Miklar umræður hafa orðið á Alþingi á undanförunum árum um breytingar á starfsemi Framkvæmdastofnunar ríkisins. Tillögur hafa verið uppi um að leggja þá stofnun niður með öllu, en fela öðrum aðilum, t. d. félagsmálaráðuneyti og bönkum, verkefni hennar. Flutningsmenn leyfa sér að minna á „samkomulag stjórnarflokkanna“ frá því í sept. s. l. en þar segir í lið 6.2. (um nýsköpun í atvinnulífi og uppstokkun sjóðakerfis):

„Eignir ríkisins í þeim atvinnufyrirtækjum, sem henta þykir, verði sameinaðar í eignarhaldsfyrirtæki. Í samræmi við þetta verða gerðar tillögur um breytingar á lögum og verkefnum Framkvæmdastofnunar ríkisins.“

Með vísan til þessa leggja flutningsmenn til að ríkið bjóði bankastjórn Seðlabanka Íslands byggingu Framkvæmdastofnunar ríkisins við Rauðarárstíg í makaskiptum fyrir nýbyggingu Seðlabankans við Ingólfsstræti og Arnarhól.

Skv. upplýsingum ráðuneytisstjóra fjmrn. liggja ekki fyrir á einum stað haldbærar upplýsingar um hversu háum upphæðum ríkissjóður ver á ári hverju vegna húsaleigu undir starfsemi sína og ríkisstofnana. Ástæða er þó til að ætla að hér sé um umtalsverðar upphæðir að ræða. Þess munu dæmi að ríkissjóður eða ríkisstofnanir greiði húsaleigu fyrir fram til margra ára og kosti þannig raunverulega byggingu húsnæðisins, án þess þó að öðlast eignarhald.

Ljóst er að Stjórnarráð Íslands býr við mjög þröngan húsakost. Starfsemi þess er dreifð víðs vegar um Reykjavíkurborg. Tillagan um að finna Stjórnarráði Íslands framtíðarsama- stað í nýbyggingu Seðlabankans virðist því styðjast við ærin hagkvæmnisrök.

Þar að auki færi vel á því, út frá skipulags- og fegurðarsjónarmiðum, að Stjórnarráði Íslands væri valinn staður til frambúðar í hjarta höfuðborgarinnar við Arnarhól. Sýnist fara betur á því en að bankastofnun hreyki sér svo hátignarlega á einum fegursta stað borgarinnar. Hæverska og leynd er sem kunnugt er aðalsmerki bankastarfsemi, og hefur svo verið um aldir — ekki bara í Sviss.

Með þessari tillögu vilja flutningsmenn slá tvær flugur í einu höggi. Starfsemi Seðlabankans er fundinn hagkvæmur samastaður og húsnæðisvandræði Stjórnarráðs Íslands eru leyst til frambúðar. Ekki sakar að með þessum ráðstöfunum þættu stjórnvöld sýna myndugleik gagnvart brudli og óráðsú ríkisstofnunar sem á erfiðum tímum hefur farið sínu fram, án tillits til árferðis og afkomu þjóðarbúsins. Myndugleiki stjórnvalda af þessu tagi er til þess fallinn að auka trú manna og traust á síendurteknum yfirlýsingum ráðherra um nauðsyn „aðhalds og sparnaðar í opinberum rekstri“.

Með samþykkt þessarar tillögu væri Alþingi að sýna eftirbreytnivert fordæmi.

Fylgiskjal I.

**ÞINGSÁLYKTUNARTILLAGA UM STÖÐVUN FRAMKVÆMDA VIÐ BYGGINGU
SEÐLABANKA ÍSLANDS**

1983 (106. löggjafarþing) — 48. mál.

Sp. 51. Tillaga til þingsályktunar

um stöðvun framkvæmda við byggingu Seðlabanka Íslands.

Flm.: Guðrún Helgadóttir.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að beita ákvæði 3. mgr. 1. gr. laga um skipan opinberra framkvæmda, nr. 63/1970, og stöðva nú þegar þær framkvæmdir við byggingu Seðlabanka Íslands sem ekki hefur þegar verið samið um við verktaka.

Greinargerð.

Í lögum um opinberar framkvæmdir segir svo í 3. mgr. 1. gr.:

„Ríkisstjórnin getur ákveðið, að lög þessi taki, eftir því sem við á, til framkvæmda á vegum ríkisstofnana, er hafa sjálfstæðan fjárhag og því ekki háðar fjárveitingarákvörðunum Alþingis.“

Ríkisstjórninni er því tvímælaust heimilt að stöðva framkvæmdir við byggingu Seðlabankans, samkv. ofangreindri lagagrein og ber siðferðileg skylda til þess við núverandi aðstæður. Það er óverjandi að veita tugi milljóna til þessara framkvæmda á sama tíma og aðrar og brýnni framkvæmdir í almannapágu verða að sitja á hakanum um sinn vegna fjárskorts. Launamenn í landinu, sem nú er gert að spara, eiga kröfu á, að þessi kostnaðarsama framkvæmd sé stöðvuð en arður Seðlabankans nýttur til brýnni þarfa. Það getur varla talist eðlilegt að byggja því stærri skrauthallir yfir fjárhagskerfið í landinu sem minna er til af fjármunum. Slíkt hlýtur að kalla á erlendar lántökur.

Í Þjóðhagsáætlun ríkisstjórnarinnar fyrir árið 1984, sem forsætisráðherra lagði fram 17. október 1983, segir orðrétt í I. kafla sem ber heitið Markmið:

„Ríkisstjórnin setti fyrstu aðgerðum sínum í efnahagsmálum eftirfarandi markmið:

— Atvinnuöryggi.

— Hjöðnun verðbólgu.

— Viðunandi jafnvægi í viðskiptum við önnur lönd.

— Verndun kaupmáttar lægstu launa og lífskjara þeirra, sem þyngst framfæri hafa.

Þessi stefnumið gilda einnig framvegis, en forsenda árangurs í þessum efnunum er, að það takist að:

— Koma sem fyrst á viðunandi jafnvægi í efnahagsmálum þjóðarinnar.

— **Beina fjárfestingu fyrst og fremst í arðbær verkefni.**

— Örva framfarir og fjölbreytni í atvinnulífinu.

— Bæta skipulag stjórnkerfisins og peninga- og lánastofnana.

Að þessum verkefnum hefur ríkisstjórnin unnið og mun vinna á starfstíma sínum.“

Flutningsmaður telur byggingu Seðlabankahúss ekki arðbært verkefni. Þau verkefni ein eru arðbær sem landsmenn sjálfir hafa ávinning af, og hið nýja hús Seðlabankans er ekki eitt þeirra.

Fylgiskjal II.

LAGAFRUMVARP UM FRESTUN BYGGINGARFRAMKVÆMDA SEÐLABANKA ÍSLANDS

1983 (106. löggjafarþing) — 101. mál.

Nd. 122. Frumvarp til laga

um frestun byggingarframkvæmda Seðlabanka Íslands og bann við fjölgun útibúa ríkisbankanna.

Flm.: Karvel Pálmason, Jóhanna Sigurðardóttir, Jón Baldvin Hannibalsson.

1. gr.

Framkvæmdir við hús Seðlabanka Íslands við Ingólfsstræti í Reykjavík skulu stöðvaðar frá og með gildistöku laga þessara þar til annað verður ákveðið af Alþingi. Sama gildir um aðrar byggingarframkvæmdir á vegum ríkisbanka og stofnun útibúa á þeirra vegum.

Ríkisstjórnin getur þó heimilað framangreindum aðilum að halda áfram framkvæmdum samkvæmt þegar gerðum verksamningum, sé ótvírætt að riftun eða breyting verksamninga vegna laga þessara leiði til verulegra bótagreiðslna til verktaka.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Engum getur dulist að íslenska þjóðin stendur frammi fyrir geigvænlegum vanda að því er varðar efnahags- og fjárhagsstöðu þjóðarbúsins. Óstjórn efnahagsmála og röng fjárfestingarstefna undangenginna ára eiga ekki hvað síst þátt í þeim vanda sem þjóðin á nú við að glíma. Lífskjör launafólks í landinu hafa verið skert svo hundruð alþýðuheimila ramba á barmi gjaldþrots, og áframhaldandi kjaraskerðing er boðuð. Ekki bæta úr skák síðustu upplýsingar fiskifræðinga um ástand þorsstofnsins sem augljóslega eykur enn á vandann, sem var þó ærinn fyrir.

Stjórnvöld hafa í kjölfar þessa ástands boðað stórkostlegan samdrátt og niðurskurð framkvæmdafjár til margvíslegra og brýnna framkvæmda, svo sem á sviði heilsugæslu og heilbrigðismála, mennta- og menningarmála, hafnarframkvæmda og framkvæmda á sviði flugmála, svo eitthvað sé nefnt. Allt er þetta rökstutt með skorti á fjármagni vegna slæmrar stöðu þjóðarbúsins.

Fjöldi einstaklinga horfir fram á missi íbúðarhúsnæðis vegna kjaraskerðingarinnar og fjármagnsvöntunar húsnæðiskerfisins til eðlilegrar fyrirgreiðslu.

Á sama tíma og þessar staðreyndir blasa við og boðskapur stjórnvalda um fjármagnskort dynur á landsmönnum er engu líkara en óþrjótandi fé sé til ráðstöfunar hjá bankakerfi landsmanna til eigin þarfa. Það er að minnsta kosti erfitt að ætlast til þess að almenningur í landinu trúi þeim boðskap stjórnvalda að allt sé á heljarþröm hvað fjármagn snertir til ýmissa brýnna verkefna í uppbyggingu víðs vegar um landið, á sama tíma og Seðlabankinn heldur ótrauður áfram byggingarframkvæmdum svo hundruðum milljóna króna skiptir. Hvert bankaútibúið á fætur öðru er byggt og stofnsett, að því er virðist án nokkurrar fyrirstöðu, og svo mætti lengi telja.

Það er í ljósi þessara staðreynda sem frumvarp þetta er flutt til stöðvunar framkvæmda við byggingu húss Seðlabankans og bann við frekari fjölgun bankaútibúa að óbreyttum aðstæðum í þjóðfélaginu. Flutningur þessa frumvarps helgast af því einu að engri átt nái að á

sama tíma og neitað er um nauðsynlegar fjárveitingar til brýnustu verkefna skuli útpensla bankakerfisins látin óheft og aðhaldslaus.

Það er skoðun flutningsmanna þessa frv. að grípa eigi inn í þá þróun, sem á sér stað innan bankakerfisins, og nýta það fjármagn, sem þar er ætlað til útpenslu, í aðrar og þjóðhagslega arðbærari og brýnni framkvæmdir, svo sem í húsnæðismálum. Í þeim tilgangi er frv. þetta flutt.

Fylgiskjal III.

FYRIRSPURN UM SEÐLABANKA ÍSLANDS

1984 (107. löggjafarþing) — 90. mál.

Sp. 93. Fyrirspurn

til viðskiptaráðherra um Seðlabanka Íslands.

Frá Eiði Guðnasyni.

1. Hverju nam kostnaður við nýbyggingu Seðlabankans 1. september síðastliðinn í heild og á rúmmetra á núgildandi verðlagi?
2. Hvaða ráðstafanir hefur Seðlabankinn gert til aðhalds og sparnaðar í rekstri svo sem öðrum ríkisstofnunum hefur verið gert að gera?
3. Hve margir eru starfsmenn Seðlabankans?
4. Hver var heildarlaunakostnaður Seðlabankans á sl. ári?
5. Hver er bifreiðaeign Seðlabankans?
6. Hver var risnukostnaður Seðlabankans frá sl. áramótum fram til 1. sept. sl.?

Fylgiskjal IV.

SVÖR VIÐSKIPTARÁÐHERRA VIÐ FYRIRSPURN UM SEÐLABANKA ÍSLANDS

Svar við 1. fsp.: a. Kostnaður við nýbyggingu Seðlabanka 1. sept. s. l. nam í heild 154 millj. 242 þús. kr. — b. Kostnaðurinn á rúmmetra á núgildandi verðlagi er 3870 kr.

Svar við 2. fsp.: Endurskipulagning og hagræðing í rekstri er erfið í framkvæmd á meðan bankinn býr við eins ófullnægjandi húsnæði og nú er, en starfsemi er skipt á hluta í fimm húsum við Austurstræti og Hafnarstræti. Reynt er að halda öllum rekstrarkostnaði niðri, sbr. litla fjölgun starfsmanna. Þeir voru 124 í árslok 1974 og eru nú aðeins fjórum fleiri, sjá svar við 3. fsp. Ýmis hagræðing er nú í undirbúningi sem mun koma í framkvæmd þegar flutt verður í nýtt húsnæði.

Svar við 3. fsp.: Stöðugildi voru 128 hinn 1. okt. 1984 auk þriggja bankastjóra.

Svar við 4. fsp.: Launagreiðslur bankans árið 1983 námu 44 millj. 987 þús. kr.

Svar við 5. fsp.: Bifreiðaeign Seðlabankans, einkum vegna bankastjórnar og banka-eftirlits, var sem hér segir 1. okt. 1984: Range Rover, árgerð 1981, Volvo 240, árgerð 1983, Audi, árgerð 1984, Range Rover, árgerð 1984, og seðlaflutningabíll, Chevrolet Suburban, árgerð 1984.

Svar við 6. fsp.: Kostnaður við fundahöld og gestamóttöku tímabilið 1. jan. til 31. ágúst 1984 nam 1. millj. 681 þús. kr.

Vona ég að skýr svör hafi verið gefin við fsp.